

LEX EHF  
LÖGMANNSSTOFA  
SUNDAGÖRÐUM 2  
104 REYKJAVÍK  
SÍMI 590 2600  
BRÉFASÍMI 590 2606  
lex@lex.is • www.lex.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/696*  
*komudagur 4.12.2007*

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar nefndarritara  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum**

Umbjóðandi minn, Samskip hf. hefur falið mér að gera athugasemdir við frumvarp til breytinga á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum. Var umbjóðanda mínum gefinn kostur á því að koma með athugasemdir með bréfi dags. 22. nóvember 2007.

Umbjóðandi minn gerir alvarlegar athugasemdir við 8., 9., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Umræddar greinar frumvarpsins gera ráð fyrir því að í stað orðsins „ráðherra“ komi „tollstjórinn í Reykjavík“ í öllum þeim tilvikum sem umræðir, þ.e. í 91., 92., 94., 96., 97., 101., 102., 104., 105. og 106. gr. tollalaga nr. 88/2005. Er þannig um valdfærslu að ræða frá Fjármálaráðuneyti til embættis tollstjórans í Reykjavík.

Umræddar lagagreinar varða mjög mikilvægan þátt starfsemi umbjóðanda míns, sem er m.a. starfsleyfi tollvörugeymslu, tollfrjálsar forðageymslur, tollfrjálsar verslanir og frísvæði.

Telur umbjóðandi minn að með óeðlilegum hætti sé verið að færa vald frá ráðuneytinu, er varðar starfsemi hans, til embættis tollstjórans í Reykjavík.

Telur umbjóðandi minn í ljósi fenginnar reynslu af samskiptum við embætti tollstjórans í Reykjavík að umrædd tilfærsla og ekki síst í ljósi þess valds sem embætti tollstjórans í Reykjavík fer nú þegar með í málum sem varða starfsemi umbjóðanda míns, að um óeðlilega breytingu sé að ræða.


Bent er á að einu rökin fyrir umræddum breytingum eru þau að fækka eigi eins og kostur er beinum afgreiðsluverkefnum hjá ráðuneytinu. Óskar umbjóðandi minn eftir frekari rökum en þessum, þar sem embætti tollstjórans í Reykjavík fer nú þegar með mikið vald í þeim málefnum er hann varðar.



Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er þess farið á leit að fallið verði frá fyrirhuguðum breytingum á fyrrnefndum lagagreinum tollalaga nr. 88/2007.

Reykjavík 3. desember 2007

Virðingarfyllst  
f.h. Samskipa hf.



---

Lilja Jónasdóttir hrl.

Afrit: Samtök verslunar og þjónustu